

Miðvikudaginn 30. nóvember 1977.

Nr. 62/1975. **Elís Gunnarsson, eigandi Vatnabúða,**  
 (Sigurður Ólason hrl.)  
 gegn  
**Porkeli Gunnarssyni, eiganda Akurtraða,**  
 og gagnsök  
 (Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamála. Ómerking. Heimvísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1975. Krefst hann þess, að landamerki jarðanna Vatnabúða með Móabúð og Akurtraða verði ákveðin lína úr Flyðrum (A) í vörðu á Vörðuleiti (B) í jarðfall (C) í Mýrnamót (D) og þaðan í Þvereyri (E) samkvæmt uppdrætti Þórðar Gunnars Sigurjónssonar, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. ágúst 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. ágúst 1975. Krefst hann þess aðallega, að landamerki nefndra jarða verði ákveðin bein lína frá Flyðrum (A) í stað merktan F á uppdrætti Þórðar Gunnars Sigurjónssonar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdráttur Þórðar Gunnars Sigurjónssonar héraðsráðunauts, þar sem markaðar eru kröfulinur aðilja og merkjalína héraðsdóms. Enn fremur yfirlýsing tveggja eigenda Móabúðar 14. nóvember 1977, þeirra Gísla Kristjánssonar og Kristjáns Kristjánssonar, þar sem segir, að þeir hafi fylgst með kröfugerð og öllum gangi máls í landamerkjamálinu, en áfrýjandi hafi verið í fyrirsvari fyrir báðar jarðirnar. Eigendur Móabúðar hafa ekki sótt dómþing í máli

þessu, og ekki verður séð, að héraðsdómari hafi kvatt þá á dómþing til að lýsa kröfum sínum, sbr. 8. gr. landamerkjagala nr. 41/1919. Bætir framangreind yfirlýsing tveggja eigenda Móabúðar ekki úr þessum annmarka. Þá var nauðsyn á, að vitni gengju á merki og bentu á kennileiti, eftir því sem kostur var, sbr. 10. gr. nefndra laga.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

5. mars 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. mars 1975, er tekið til landamerkjadómsmeðferðar og þingfest þann 26. september 1973 samkvæmt beiðni Elísar Gunnarssonar, eiganda Vatnabúða og ábúanda Vatnabúða og Móabúðar, til ákvörðunar og dóms um landamerki milli jarðanna Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) annars vegar og Akurtraða hins vegar, en eigandi og ábúandi þeirrar jarðar er Þorkell Gunnarsson. Eigendur Móabúðar eru Gísli, Jón og Kristján Kristjánssynir, Grundarfirði. Allar jarðirnar eru í Eyrarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Mál þetta var áður dómtekið þann 14. október 1974 að loknum munnlegum málfutningi, en var endurupptekið til munnlegs málfutnings að nýju þann 5. mars 1975 og dómtekið sama dag.

### I.

Í landamerkjaskrá fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu segir svo um landamerki framangreindra jarða:

„ B. Á milli Akurtraða og Vatnabúðapláss: Úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn, sjónhending í Mýrnamót og upp í jarðfall eða lág, sem liggur fyrir norðan Gerðahamra, þaðan upp í vörðu-

leyti, svo beint upp í fjallið, upp í kletta þá, sem kallaðir eru „Fliðrur“, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Þannig gjört, sett og samþykkt með allra hlutaðeiganda undirskrift að Akurtröðum 4. janúar 1915.

Ásm. Sigurðsson	Jón Lárusson
Kjartan Ólafsson	Finnur Jónsson
(ábúandi á Þórdísarstöðum)	(ábúandi á Akurtröðum)
Kristján Þorleifsson	
(umboðsmaður jarðanna).“	

Í málinu hefur verið lögð fram loftljósmynd af deilusvæðinu, og hafa málsaðiljar markað kröfur sínar inn á hana. Sóknaraðili, Elís Gunnarsson, telur landamerkin vera um brotnu línuna A (Flyðrur) B (Vörðuleiti) C (jarðfall eða lág) D (Mýrnamót) E (Þvereyri).

Varnaraðili, Þorkell Gunnarsson, telur landamerkin beina línu milli punkta A (Flyðrur) og F (Mýrnamót).

Aðiljar hafa ekki krafist málskostnaðar.

## II.

Vettvangsganga fór fram þann 12. október 1974.

Landslagi á deilusvæðinu er svo háttað, að tiltölulega stutt vegalengd er milli fjalls og fjöru. Útfiri er allmikið fyrir landinu, og á fjöru koma upp úr sjó steinar, sker og eyrar. Næst sjó eru grasigrónir sjávarbakkar, en að baki þeim er mýrlent land og gamlar mógrafir, sitt hvorum megin við rima eða bala, sem rís nokkuð hærra en landið beggja vegna og nær fram á sjávarbakka. Vestan við rimann, Akurtraðamegin, kallast Akurtraðagrafir, en austan við hann Grænugrafir. Landið hækkar upp frá mýrlendinu, og þar nokkru ofar er alllangt klettabelti. Land þetta er allt gróið og eins landið upp frá klettunum, en er ofar dregur og nær fjallinu, minnkar gróðurinn, og tekur þá við aflíðandi grjótmelur, sem nær upp að fjallsrótum.

## III.

Enginn ágreiningur er milli málsaðilja um örnefnin Flyðrur og Vörðuleiti. Hins vegar greinir þá á um örnefnin Þvereyri, Mýrnamót, jarðfall eða lág og Gerðahamra.

Sóknaraðili heldur því fram, að eyri sú, sem lengst nær í sjó fram á fjöru, sé hin umdeilda Þvereyri. Vestan við rimann, sem áður getur og skilur Akurtraðagrafir og Grænugrafir, er dálítið mýrarsvæði, sem kallast Bolli, og vestan við hann er mjó land-

ræma lítið eitt hærrí en mýrarnar beggja vegna. Sóknaraðili heldur því fram, að þessi landræma sé hin svokölluðu Mýrnamót, jarðfall eða lág sé lægð eða flöt upp við klettana þar beint upp af og Vörðuleiti, þar sem hæst ber á grjótmelnum.

Varnaraðili heldur því fram, að hin raunverulega Þvereyri sé nú að miklu leyti komin undir sjó vegna landsigs og landbrots af völdum sjávar og það, sem nú komi úr sjó á fjöru, sé aðeins lítill hluti hinnar upphaflegu Þvereyrar. Þá heldur varnaraðili því fram, að Mýrnamót séu um áðurnefndan ríma eða bala milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, jarðfall eða lág sé lægð norðaustur af áðurnefndu klettabelti og vörðuleiti sé ekki ákveðið örnefni, heldur sé það samheiti á öllu svæðinu (grjótmelnum) framan við fjallið.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að enginn ágreiningur sé um örnefnin Þvereyri og Flyðrur og séu þeir punktar því gefnir. Landamerkjakennileiti á milli þeirra tveggja lýsi sér best sjálf. Mýrnamót hljóti að vera milli Bolla og Akurtraðagrafa, ef Þvereyri er endamerki, en væri riminn endamerki eða Balasteinninn í fjörunni, væru Mýrnamót uppi í miðjum rímanum, en það fái ekki staðist. Jarðfall eða lág sé upp við Gerðahamra beint upp af Mýrnamótum, enda sé ekkert annað jarðfall til í Gerðahömrum, nema þá helst heima við Akurtraðahúsin. Á Vörðuleiti hljóti merkjalínan að vera á háleitinu, þaðan sem sést nokkurn veginn jafnt til tveggja átta, þ. e. til Vatnabúðapláss annars vegar og Norður-Bár, Naustáls, Þórdísarstaða og Akurtraða hins vegar.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að Þvereyri (Þurr-eyri) sú, sem getið er um í landamerkjalyýsingunni frá 4. janúar 1915, sé nú horfin vegna landbrots og sker það, sem nú í dag gangi undir nafninu Þvereyri og er umflotið nema um háfjöru, sé að engum líkindum hin forna Þvereyri, heldur hafi hún verið þar, sem nú eru sker nokkur, sem nær eru landi og austar. Skoðun sína á því, að Mýrnamót séu riminn eða balinn milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, byggir varnaraðili á því, að riminn skipti mýrinni, sem liggur ofan við sjávarbakkann, og að eftir honum hafi búpeningur umgetinna jarða runnið til og frá sjó um aldir, enda liggi mýrarnar báðum megin undir vatni og ís frá haustnóttum og fram á vor ár hvert. Þá rökstyður hann kröfur sínar með því, að gegnum tún Akurtraða gangi klettabelti, sem heiti Gerðahamrar. Milli þessara hamra séu víða smálægðir. Fyrir norðaustan síðasta hamarinn sé allmikil lág, sem hann telji vera hið umgetna jarðfall, og upp af því sé vörðuleitið og þar beint upp

af Flyðrur. Þar með sé komið að endamarki og séu þá öll framan- greind kennileiti í beinni línu.

## IV.

Fjögur vitni hafa komið fyrir dóm í málinu.

Gísli Kristjánsson, Hamrahlíð 5, Grundarfirði, 46 ára að aldri, er einn af eigendum Móabúðar. Hann er skyldur báðum máls- aðiljum, sóknaraðilja að öðrum og þriðja, en fjarskyldari varnar- aðilja.

Þetta vitni er fætt í Móabúð og uppalið þar til 17 ára aldurs. Það kveðst þekkja vel örnefnið Þvereyri eða Þurreyri og segir, að það sé eyri sú, sem gengur þvert út frá landinu og sjáist vel á ljós- myndunum, dskj. 7 og 8. Á miðri eyrinni sé steinn og sé hann endapunktur merkjanna. Steinn þessi fari síðast í kaf við flæðar og komi fyrst úr sjó við útfall. Mýrnamót eða Mýrnamæti segir vitnið, að sé upp af Þvereyrinni á milli svokallaðs Bolla og Akur- traðagrafa. Vitnið kannast ekki við „jarðfall eða lág“, og Gerða- hamra kannast það við sem „Akurtraðastapa“, og Vörðuleiti kann- ast það við sem „leiti“. Vitnið segist ekki vera í neinum vafa um Þvereyri, Mýrnamót og Flyðrur og segist hafa heyrt, að landa- merkin væru bein lína. Þá segist vitnið kannast við örnefnið Rima sem heiti á landinu milli Bolla og Grænugrafa. Vitnið kveðst kannast við Lambakróarlaut, en kannast ekki við hana sem „jarðfall“ eða landamerkjakennileiti, enda sé hún inni í Móa- búðarlandi. Enn fremur segir vitnið, að Akurtraðagrafir og Grænugrafir hafi farið alveg á kaf, þegar mikið vatn safnaðist þar fyrir á vetrum. Vatnsmagnið hafi verið mjög breytilegt, en þegar mest var, fór fé frá báðum bæjunum, Akurtröðum og Móa- búð, um Rimann bæði til og frá fjörunni. Annars fór féð hvar sem var um grafirnar eða þar sem land var upp úr hverju sinni. Þá segir vitnið, að landamerkjabréf hafi alltaf verið til í Móabúð.

Gunnar Guðmundsson, 80 ára að aldri, til heimilis að Akur- tröðum, er faðir varnaraðilja málsins.

Vitnið kom að Akurtröðum árið 1922 og bjó þar þangað til fyr- ir nokkrum árum. Það segir, að enginn ágreiningur hafi verið um landamerki milli Akurtraða og Móabúðar fyrr en fyrir nokkrum árum. Vitnið kveðst ekki vita með vissu, hvar sé Þvereyri, en Mýrnamót séu riminn milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, upp af svokölluðum „Balasteini“, sem þar er í fjörunni. Vitnið kveðst hafa heyrt getgátur um, að þar fram af hafi áður fyrir verið eyri fram í sjóinn. Þá segir vitnið, að eyri sú, sem þar er fyrir utan

og sjór fellur yfir á flóði, geti vel verið Þvereyri. Jarðfall eða lág, sem getið er í landamerkjalýsingunni, segir vitnið, að sé við endann á Gerðahömrum og eigi orðalagið í landamerkjalýsingunni „fyrir norðan Gerðahamra“ við það, enda sé jarðfallið norðaustan við hamrana. Vitnið kannast við örnefnið Bolla, sem sé austast í Akurtraðagröfum, og segist á síðustu árum hafa heyrt, að Mýrnamót væru vestan við Bollann. Enn fremur segir vitnið, að Ingimundur Gíslason, sem bjó á Vatnabúðum, hafi í samráði við Akurtraðamenn sléttað landið og ræktað, þar sem nú er Bollinn, og náði ræktunin upp í hallann við Rimann. Kristján Jónsson, sem þá bjó í Móabúð, hafði þá orð á því, að þetta væri í Móabúðarlandi, en sagðist láta það afskiptalaust, þar sem Ingimundur ætti í hlut. Vitnið kveðst telja, að þetta hafi verið í Akurtraðalandi. Vitnið kveðst alla tíð hafa verið leiguliði á Akurtröðum, en eigendur jarðarinnar hafi verið Þorkell Jónsson og Sigurður Stefánsson og hafi þeir sagt sér til um landamerki og hafi þau verið upp Rimann og í stefnu á Flyðrur. Þá segir vitnið, að eyrin fram með Akurtraðalandi sé kölluð Langasker.

Guðjón Elísson, 77 ára að aldri, til heimilis að Grundargötu 29, Grundarfirði, er móðurbróðir sóknaraðilja og þremmingur við varnaraðilja.

Þetta vitni er fætt í Móabúð og uppalið í Oddsbúð og Vatnabúðum og dvaldist í Vatnabúðaplássi til ársins 1926.

Vitnið segist þekkja örnefnið Þvereyri og sé það eyrin, sem liggur út frá landinu og kemur úr sjó á hverri fjöru. Mýrnamót segir vitnið, að séu vestan við Bollann, á bakkanum milli Bollans og Akurtraðagrafa. Þá segir vitnið, að bein lína frá Þvereyri í Flyðrur liggi um Mýrnamót og sé sú beina lína landamerki milli jarðanna Akurtraða og Móabúðar. Vitnið kannast ekki við, að jarðfall eða lág eða vörðuleiti séu landamerkjakennileiti, en afrennsslíægðin frá Lambakróarlaut sé „jarðfall“ það, sem átt er við í landamerkjalýsingunni, annað jarðfall sé ekki til á þessu svæði.

Landamerki þessi segir vitnið, að Kristján Þorleifsson hafi sýnt föður vitnisins og Kristjáni Jónssyni, móðurbróður þess, árið 1915, en þeir keyptu þá Vatnabúðir og Móabúð, en Kristján Þorleifsson var hreppstjóri Eyrarsveitar og umboðsmaður jarðanna, sem voru kirkjujarðir.

Sigurður Valdimar Stefánsson, 76 ára að aldri, til heimilis að Þórdísarstöðum í Eyrarsveit, kom að Akurtröðum sem barn á

þriðja ári og ólst þar upp og dvaldist þar fram að þrítugsaldri. Vitnið er föðurbróðir sóknaraðilja.

Vitnið kannast við Þvereyri sem landamerkjakennileiti, og fari hún í kaf við flæðar. Framarlega á eyrinni er stór steinn, sem vitnið segist hafa heyrt, að væri endamark landamerkjanna. Vitnið segir, að Mýrnamót séu sitt hvorum megin við balann eða rimann, sem liggur milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa. Vitnið kannast við örnefnið Bolla, sem það segir, að sé utan við rimann og í landi Akurtraða. Þegar vitnið eignaðist Akurtraðir að hálfu á móti Þorkeli Jónssyni árið 1922 eða 1923, kom Kristján Jónsson, eigandi Móabúðar, og vildi fá landamerkjunum breytt þannig, að þau lægju utan við Bollann, en því var neitað. Síðan taldi Kristján og eftir hann synir hans, að landamerkin væru þar. En vitnið segir, að landamerkin hafi legið upp svo til miðjan rimann og beint upp í Flyðrur. Landamerki þessi setti Kristján Þorleifsson hreppstjóri, og um þau var aldrei neinn ágreiningur. Vitnið var viðstatt, þegar landamerkin voru sett, ásamt þeim Kristjáni Jónssyni í Móabúð og Finni Jónssyni, Akurtröðum, og hreyfði enginn andmælum af þeim, sem hlut áttu að máli. Vitnið var þá á unga aldri, varla meira en 10 ára að aldri. Vitnið kveðst ekki kannast við Gerðahamra og ekki jarðfall eða lág, nema ef það væri það, sem nú er kallað Lambakróarlaut. Vörðuleiti segir vitnið að sé það, sem kallast dys, en það sé ekki landamerkjakennileiti. Vitnið kveðst aldrei hafa átt eintak af landamerkjabréfi Akurtraða og Móabúðar. Þá segir vitnið, að landamerkjalinan á landi hafi verið bein lína upp rimann og í Flyðrur, en línan frá Þvereyri og að landi hafi ekki verið í beinu framhaldi af þeirri línu. Þegar Kristján Þorleifsson setti landamerkin, stakk hann upp nokkra hnausa og gerði litla vörðu á balanum (rimanum), sem átti að sýna merkin. Þessi varða sást lengi, en vitnið veit ekki, hvort hún er sjáanleg ennþá. Nokkuð langt er síðan vitnið sá þessa vörðu síðast, en þá var hún orðin nánast þúfa. Fleiri þúfur voru þar í kring, en þessi var stærst og nokkuð sérstök.

## V.

Eins og fram kemur í vitnaframburðum og rakið hefur verið hér að framan, greinir vitnin allverulega á um hin ýmsu kennileiti og örnefni, sem nefnd eru í landamerkjaskrá jarðanna. Þrjú vitni eru sammála um það, hvar Þvereyri sé, en eitt vitnið kveðst ekki vita með vissu, hvar hún sé. Vitnin greinir verulega á um,

hvar Mýrnamót séu, og verður samkvæmt framburðum þeirra eða öðrum gögnum málsins ekki hægt að ákvarða, hvar þau séu. Sama er að segja um „jarðfall eða lág“ og „vörðuleiti“. Eins og til háttar á deilusvæðinu er ekki nema um eitt klettabelti að ræða, sem gæti verið Gerðahamrar, og eru það klettur þeir, sem liggja óreglulega í norðaustur/suðvestur um tún Akurtraða og þar austur fyrir.

Ályktun dómsins er því sú, að neðri Þvereyri (Þurreyri) sé eyri sú, sem lengst nær í sjó fram um fjöru, en að önnur landamerkjakennileiti verði ekki örugglega fundin, nema Flyðrur, sem enginn ágreiningur er um, hvar séu. Þá eru dómendur sammála um það, að eins og landslagi er háttað á deilusvæðinu, sé eðlilegast, að landamerkin séu sem beinust, og hefur sú skoðun stuðning í framburði tveggja vitna.

Niðurstæða dómsins er því sú, að landamerki jarðanna Akurtraða annars vegar og Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) hins vegar skuli vera bein lína úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn sjónhending upp í fjallið í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Málskostnaðar er ekki krafist og dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnum Erlendi Halldórssyni bónda, Dal, Miklaholts-hreppi, og Jóni Ásgeirssyni, fyrrverandi bónda, Stykkishólmi.

#### Dómsorð:

Landamerki jarðanna Akurtraða annars vegar og Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) hins vegar skulu vera bein lína úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn sjónhending upp í fjallið í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Málskostnaður falli niður.

---